


ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

Ágúst 2026

ESB – Þjóðaratkvæðagreiðsla


Svo mjótt er á munum þegar spurt er um fyrirhugaða atkvæðagreiðslu í lok mánaðarins að ekki er hægt að fullyrða hvort fleiri myndu segja já eða nei. Í könnuninni segjast 51,5% þeirra sem taka afstöðu að þau muni kjósa já en 48,5% segjast munu kjósa nei. Vikmörk eru 2,5 prósentustig og því er ekki tölfræðilega marktækur munur á milli já og nei. Helsta breytingin frá því í júní er að fólk virðist vera ákveðnari í afstöðu sinni ýmist já eða nei.

Ef þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram í dag þar sem spurt væri: „Á Ísland að hefja á ný aðildarviðræður við Evrópusambandið?“, hvernig telur þú líklegast að þú myndir greiða atkvæði?



Íbúar höfuðborgarsvæðisins eru líklegri en íbúar landsbyggðarinnar til að greiða atkvæði með því að Ísland hefji aðildarviðræður á ný og fólk með háskólamenntun frekar en fólk með minni menntun að baki. Mikill munur er á viðhorfi fólks eftir því hvaða flokk það kysi ef kosið yrði til Alþingis í dag. Þau sem kysu stjórnarflokkana, eða Vinstri græn, eru líklegri til að greiða atkvæði með því að aðildarviðræður hefjist að nýju en þau sem kysu stjórnarandstöðuflokkana ólíklegri. Þetta endurspeglast einnig í greiningu eftir stuðningi við ríkisstjórnina.

Greiningar



* Marktækur munur á milli hópa

Spurt var:

- Ef þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram í dag þar sem spurt væri: „Á Ísland að hefja á ný aðildarviðræður við Evrópusambandið?“, hvernig telur þú líklegast að þú myndir greiða atkvæði?

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun sem Gallup gerði dagana 1. - 13. ágúst 2026. Heildarúrtaksstærð var 4.128 og þátttökuhlutfall var 41,9%. Vikmörk á hlutföllum já og nei eru 2,5 prósentustig. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Lynghálss 4, 110 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir

Ábyrgðarmaður: Guðni Rafn Gunnarsson © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.